

Svar

menntamálaráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um fjarkennslu.

1. *Hversu margir stunda nú nám með fjarkennslusniði*

a. *á háskólastigi,*

b. *á framhaldsskólastigi?*

Alls eru skráðir 2.068 nemendur í nám með fjarkennslusniði á háskólastigi en á framhaldsskólastigi er 2.001 nemandi skráður í fjarkennslu.

2. *Hver hefur þróun fjarkennslu verið frá árinu 1999?*

Á háskólastigi hefur þróunin verið eins og fram kemur í töflunni. Miðað er við haustmissiri hvers árs.

Nemendur í fjarnámi á háskólastigi.

	2002	2001	2000	1999
Háskóli Íslands	62	90	40	64
Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands	15	15	15	
Háskólinn í Reykjavík	76	143	68	50
Háskólinn á Akureyri	340	252	133	30
Kennaraháskóli Íslands	1.459	931	721	320
Viðskiptaskólinn á Bifröst	67	50	46	17
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	29	22	25	15
Hólaskóli	20	15	8	
Samtals	2.068	1.518	1.056	496

Á tímabilinu 1999–2002 hefur fjölgað um 500 nemendur á ári á háskólastigi og teljast þeir nú, haustið 2002, vera 2.068 samkvæmt upplýsingum frá fyrrgreindum skólum.

Nemendum í fjarnámi í framhaldsskólum hefur fjölgað stöðugt frá árinu 1999. Árið 1999 stunduðu 337 einstaklingar fjarnám samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands en nú, haustið 2002, eru nemendurnir 2.001, sem samsvarar um 500% aukningu frá árinu 1999, sbr. eftirfarandi töflu.

Nemendur í fjarnámi á framhaldsskólastigi.

	2002	2001	2000	1999
Fjöldi nemenda í fjarnámi	2.001	810	515	337

3. *Hvaða skólar á framhalds- og háskólastigi bjóða upp á fjarkennslu og hvaða námsgreinar eru í boði?*

Skólar á framhaldsskólastigi sem bjóða upp á fjarkennslu haustið 2002 eru Menntaskólinn á Egilsstöðum, Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Verkmenntaskóli Austurlands, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu og Iðnskólinn í Reykjavík.

Skólar á háskólastigi sem bjóða fjarkennslu eru Háskóli Íslands, Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskóli Íslands, Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Hólaskóli. Samtals er hægt að stunda fjarnám á 33 brautum við þessar átta stofnanir. Framboð á námsbrautum hefur aukist frá árinu 1999 auk þess sem námsgreinum sem eru í boði í fjarnámi fer fjölgandi.

Námsbrautir í fjarkennslu.

Námsbraut	Skóli
1. Íslenska	Háskóli Íslands
2. Kennsluréttindi	Háskóli Íslands
3. Náms- og starfsráðgjöf	Háskóli Íslands
4. Ljósmodurfræði	Háskóli Íslands
5. Stjórnun og rekstur í heilbrigðisþjónustu	Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands
6. Rekstrar- og viðskiptafræði	Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands
7. Tölvunarfræðideild	Háskólinn í Reykjavík
8. Auðlindabraut	Háskólinn á Akureyri
9. Líftækniabraut	Háskólinn á Akureyri
10. Sjávarútvegsbraut	Háskólinn á Akureyri
11. Umhverfisbraut	Háskólinn á Akureyri
12. Hjúkrunarfræði	Háskólinn á Akureyri
13. Leikskólabraut	Háskólinn á Akureyri
14. Nútímafræði	Háskólinn á Akureyri
15. Fjármálaabraut	Háskólinn á Akureyri
16. Rekstrarbraut – ferðaþjónustusvið	Háskólinn á Akureyri
17. Rekstrarbraut – markaðssvið	Háskólinn á Akureyri
18. Rekstrarbraut – stjórnunarsvið	Háskólinn á Akureyri
19. Rekstrarbraut – rekstrarsvið	Háskólinn á Akureyri
20. Upplýsingabraut	Háskólinn á Akureyri
21. Grunnskólakennarafræði til B.Ed.-prófs	Kennaraháskóli Íslands
22. Erlendir skiptinemar	Kennaraháskóli Íslands
23. Íþróttabraut	Kennaraháskóli Íslands
24. Kennsluréttindabraut	Kennaraháskóli Íslands
25. Leikskólakennarabraut	Kennaraháskóli Íslands
26. Tómsundabraut	Kennaraháskóli Íslands
27. Þroskaþjálfabraut	Kennaraháskóli Íslands
28. Meistaránám (60 ein.)	Kennaraháskóli Íslands
29. Doktorsnám (90 ein.)	Kennaraháskóli Íslands
30. Dipl.Ed.-nám	Kennaraháskóli Íslands
31. BS-próf í viðskiptafræði	Bifröst
32. Búfræðipróf	Hvanneyri
33. Ferðamáladeild	Hólaskóli